

Fundargerð

19. fundur íþróttá- og tómstundanefndar haldinn í Veri kl. 17.00, fimmtudaginn
13.03.2008.

Mætt voru: Linda Phersson, Ragnar Már Sigfússon, Oddur Skúlason, Heiðrún Óladóttir og Sóley Vífilsdóttir.

Dagskrá.

Til kynningar.

- Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir unglinga 18. 20 apríl í vinnslu. Verið er að sækja um styrki.
- Dansnámskeið hjá Önnu Breiðfjörð er enn í athugun. Skýrist eftir páska.

Til umfjöllunar.

- Sportver nýr dúkur á laugina er kominn en það vantar ný hjól á rúlluna fyrir dúkinn. Fleiri mottur komnar í búningsklefa sem er mjög jákvætt.
- Sölvi var fjarverandi, heyra í honum síðar í sambandi við starfsemi UMFL í vor og sumar.
- Drífa út auglýsingar v/ flokkstjóra í unglingavinnu og smíðavalla og skólagarða.

Endurskoða þarf staðsetningu fyrir smíðavelli og skólagarða.

Nefndin mælir með að skólagarðar verði staðsettir neðan við Naust. Gaman fyrir Naustverja að fylgjast með og jafnvel taka þátt. Nefndin óskar eftir að undirbúningur skólagarða hefjist sem fyrst.

Einnig þarf að finna hentugan stað fyrir smíðavelli sem er þá skjólbetri en sá sem var í fyrra.

Hugmyndir okkar eru:

- a) Sláturhúsplan
- b) Olúport
- c) Skógurinn við kirkjuna fyrir skólagarða.

Fyrirhugað er að starfsemi skólagarða og smíðavalla hefjist um 20.mái og þá í samstarfi við grunnskólann.

- Fyrirhugað er að halda eggjahátíð með svipuðum hætti og í fyrra á Sjómannadag. 17. júní verður firmakeppni á vegum Snæfaxes og stefnt að því að hafa kaffisölu í kjölfarið á því.

- Kátir dagar eru á góðu skriði. Oddur er tímabundið ráðinn í 50 % starf í forföllum Bjarnheiðar sem íþróttá- og tómstundafulltrúi.

Eftirfylgd:

- Brunavarnir í Svartholinu. Koma sem fyrst upp reykskynjara.
- Drög að vinnuskóla langanesbyggðar. ÍTN óskar eftir að fá viðbrögð við drögum sem hún sendi frá sér í síðasta mánuði.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:10

Sóley Vífilsdóttir, ritari.

